

Íslenska 9.b. 2021-2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Stefnt er að virkri hópaskiptingu nemenda og leitast við að hafa sveigjanlegt fyrirkomulag. Fjölbreytni í kennsluháttum og virk þátttaka nemenda í náminu er undirstaða þess. Leitast er við að hafa námsefni og kröfur í samræmi við hæfni hvers og eins með verkefnum við hæfi. Þótt nemendur vinni á mismunandi hraða verður sama grunnnáms efni fyrir alla en aukalega ýmis verkefni sem dýpka skilning á viðfangsefninu fyrir bráðgera nemendur. Jafnframt verður stoðþjónusta og aðstoð í tímum í boði fyrir þau sem þurfa.

Stafsetning. Kennari leggur inn stafsetningarreglur og nemendur vinna æfingar tengdar þeim (tvær æfingar fyrir hvern tíma). Nemendur skrifa æfingar með penna í aðra hverja línu og útskýra viðeigandi reglu fyrir ofan orðið. Eftir áramót er stafsetning einnig metin í ritunarverkefnum. 10%

Málfræði. Kennari leggur inn ný atriði og nemendur vinna í tímum og heima. 25%

Nemendur bera ábyrgð á að skila verkefnum í málfræði og stafsetningu á réttum tíma svo að yfirferð verkefna gagnist þeim. Kennari leggur ávallt inn ný atriði og nemendur vinna í tímum og heima. Farið er yfir öll verkefni í tímum og ætlast er til að nemendur leiðrétti villur. Heimavinna fer eftir eðli og þyngd verkefna. Leitast er við að hafa verkefni sem fjölbreytilegust. Auk verkefna í kennslubókum er unnið með gagnvirkar æfingar á tölvutæku formi og nemendur hvattir til að nýta sér ítarefni á netinu.

Bókmenntir.

Korka er lesin í tímum og heima. Samhliða sögunni vinna nemendur verkefni, glósur,útdrætti og hugarkort, ýmist heima eða í skólanum. Markmiðið er að nemendur æfist í og fái áhuga á að lesa bækur sér til afþreyingar og skemmtunar, séu gagnrýnir lesendur/hlustendur og geti dregið rökstuddar ályktanir og komið skoðunum sínum til skila á skilmerkilegan hátt. Lokamat 15%

Laxdæla. Bókin er að mestu lesin í tímum, tekna niður glósur. Verkefni unnin heima. Lokamat 15%

Gauragangur eftir Ólaf Hauk Símonarson. Bókin er eingöngu lesin heima. Ákveðinn er strax prófadagur. Nemendur mega hafa bókina með sér í prófið. 5%

Ritun og framsögn. *Neistar.* Nemendur vinna valin verkefni í ritun. Skil á vinnubók. 20%

Setningafræði. Grunnatriði setningafræðinnar lögð inn og verkefni unnin. Lokamat 10%

Stafsetning. *Kennslubók í stafsetningu eftir ÁP og GG.*

Málfræði. *Málið í mark - óbeygjanleg orð.* Valin verkefni tengd málnotkun.

Málið í mark - sagnorð. Hætir sagna

Bókmenntir.

Korkusaga eftir Vilborgu Davíðsdóttir. Að loknum lestri bókarinnar tekur við verkefnavinna og lokapróf í sögunni.

Laxdæla. Bókin lesin heima og í tímum, verkefni unnin í tímum og heima.

Gauragangur. Nemendur lesa heima og taka próf.

Ritun. *Neistar,* valin verkefni.

Setningafræði. Hefti með grunnatriðum í setningafræði.

Námsáætlun

2021- 2022 - 5 kennslustundir á viku.

Skólaárinu skipt í tímabil þar sem unnið er með ákveðið efni, námsmat í lokin.

Ágúst – október	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
	Málfræði - 3 tímar á viku	Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að auka orðaforðann
	Málið í mark/óbeygjanleg orð	Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum fallorða, sagnorða og smáorða og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta
	Námsmat í lokin	Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði í öllu námi
	Námsmat í öllum orðflokki og málnotkun	Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt
	Stafsetning – 2 tímar á viku	
	Kennslubók í stafsetning eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson	
	Upprifjun – reglur: n/nn, stór/ lítill stafur, ng/nk tvöfaldur samhljóði, y/ý/ey	Beitt reglum um réttritun, sýnt færni í stafsetningu og gert sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
	Eftir upprifjun þessara reglna verður unnið með j-reglur	
	Könnun verður eftir hverja reglu	
	Lestur og bókmenntir – 3 tímar á viku	Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
Nóvember - janúar	KORKU – SAGA eftir Vilborgu Davíðsdóttur	Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem persónusköpun, sjónarhorni, sögusviði, tíma, og áttað sig á myndmáli
	Námsmat að lestri loknum	Gert sér grein fyrir gildi bókmennta, skilið mismunandi textategundir, greint aðal- og aukaatriði og glöggvað sig á tengslum efnisatriða
	Stafsetning – 2 tímar á viku	
	Kennslubók í stafsetning eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson	Beitt reglum um réttritun, sýnt færni í stafsetningu og gert sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
	Unnið áfram með reglur í stafsetningu bls. 65-85	
	Námsmat – lokapróf úr reglum	
Febrúar - mars	Lestur og bókmenntir – 3 tímar á viku	Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
	Laxdæla – verkefnavinna úr hverjum kafla	Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem persónusköpun, sjónarhorni, sögusviði, tíma, og áttað sig á myndmáli
	Lokapróf eftir lestur bókarinnar	Gert sér grein fyrir gildi bókmennta, skilið mismunandi textategundir, greint aðal- og aukaatriði og glöggvað sig á tengslum efnisatriða
		Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur og gert sér

grein fyrir mikilvægi þess að efla eigið læsi

Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi

Gert sér grein fyrir gildi bókmennta, skilið mismunandi textategundir, greint aðal- og aukaatriði og glöggvað sig á tengslum efnisatriða

Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og tekið leiðbeiningum um framsögn, líkamsstöðu og hlustun

Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, tjáð og rökstutt hugmyndir sínar og skoðanir. Byggt upp málsgreinar og afmarkað efnisgreinar

Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun við ritun

Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni og valið textagerð í samræmi

Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt

Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa

Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og tekið leiðbeiningum um framsögn, líkamsstöðu og hlustun

Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að auka orðaforðann

Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum fallorða, sagnorða og smáorða og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta

Talað mál, hlustun, áhorf og ritun

Neistar – 2 tímar á viku

Verkefnavinna í tímum og heima

Námsmat

Lestur og bókmenntir – 2 tímar á viku

Apríl - maí Nemendur velja sér bók sem lesin er heima og í tímum. Eftir lestur bókarinnar vinna þeir sögugreiningu og kynna hana síðan

Málfræði – 3 tímar á viku

Setningafræði – helstu hugtök hennar eru kynnt og nemendur vinna verkefni

Námsmat að vinnu lokinni

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur verði þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í tengslum við verkefnavinnu. Lýðræðisleg vinnubrögð verði æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra nemenda fá að njóta sín.

Læsi

Að nemendur vinni með læsi í víðum skilningi og áhersla verði á fjölbreytileika í framsetningu, t.d. myndlæsi og menningarlæsi. Nemendur vinni með fjölbreyttan texta sem stuðlar að auknum orðarforða og málskilningi.

Sjálfbærni

Að nemendum sé kennd sjálfbærni í daglegri umgengni í skólanum sem taki til bæði samskipta nemenda við hvert annað og umhverfi sitt. Að nemendur glími við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem upp geta komið.

Sköpun

Að nemendur nái að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Nemendur vinni við skapandi

ritun (sögur og ljóð) og taki þátt í samræðum (spjallfélagar). Vinni að fjölbreyttum myndverkum við texta sem lesinn er.

Jafnrétti

Að nemendur fái að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fái verkefni við hæfi hvers og eins. Nemendur vinni með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Nemendur vinni að því að skapa námsumhverfi og verkefni sem byggja á jafnrétti.

Heilbrigði og velferð

Námsmat

Málfræði 25%

Setningafræði 10%

Stafsetning 10%

Korka 15%

Laxdæla 15%

Djöflaeyjan/Gauragangur 5%

Ritun og framsógn 20%

Enn sem fyrr munu einkunnir gefnar fyrir einstök hæfniviðmið en hæfniviðmið liggja á bak við verkefni nemenda. Nemendur/foreldrar geta séð hvaða hæfniviðmið liggja að baki hverju verkefni þegar farið er inn í námslotur námsgreinarinnar á Mentor. Gefnir verða bókstafirnir A, B, C, D fyrri hæfniviðmiðin en lokið /ólokið fyrir einstök verkefni. Í janúar fá nemendur mat fyrir haustönnina í heild sinni og í maí fá nemendur námsmat fyrir allt skólaárið.

Námsmat er birt með fyrirvara um breytingar

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	Gagnkvæm virðing og tillitssemi
Mæting	Nemendur mæti á réttum tíma í kennslustundir
Virgni í tímum	Nemendur nýti kennslustundir og fari eftir fyrirmælum kennara
Skil á verkefnum - sein skil	Nemendur standi skil á allri heimavinnu og skili verkefnum á réttum tíma, áriðandi er að nýta sér upplýsingar í Mentor
Ritstuldur	Nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð og skrifi ekki upp eftir öðrum
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	Stafsetningarorðabækur, efni á netinu: bin.is, nams.is, malbjorg.is og glósur á heimasíðu skólans

Skyldur nemenda	Nemendur stundi námið af samviseusemi
Skyldur kennara	Kennarar miðla þekkingu, aðstoða og hvetja nemendur
Stoðþjónusta nemenda	Sérkennarar, stuðningsfulltrúar og námsráðgjafi